

## AUGLÝSING

### um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

#### Nr. í sjóða- skrá

#### Heiti

129	Styrktarsjóður P. Hansen Ishøj	123/1915
214	Nemendasjóður Eiðaskóla	68/1922
215	Styrktarsjóður Jónasar Eiríkssonar og Guðlaugar M. Jónsdóttur	69/1922
259	Líknarsjóður Ögurrhrepps	33/1927
448	Minningarsjóður frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns	139/1939
735	Minningarsjóður Sigurðar Hafstein Emilssonar	195/1950
762	Styrktarsjóður Helga Ólafssonar	33/1952
834	Minningarsjóður Svanfríðar Guðrúnar Kristóbertsdóttur	81/1956
895	Minningarsjóður Bjargeyjar Pétursdóttur	2/1960
897	Afmælissjóður Eiðaskóla	5/1960
1005	Líknarsjóður Áslaugar Maack	207/1952
1011	Skólamerkissjóður Eiðaskóla	140/1970
1211	Menningar- og framfarasjóður Sparisjóðs V-Skaftafellssýslu	168/1979
1356	Sjálfsseignarstofnun Íslensku óperunnar	95/1989
1357	Styrktarfélag og Styrktarsjóður Íslensku óperunnar	96/1989
1395	Höfundasjóður Leikfélags Reykjavíkur	62/1991
1475	Eirarhús	413/1995
1526	Samhugur í verki	396/1998

#### Nr. í B-deild Stjórnartíðinda

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. janúar 2002.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóniasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

*Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúli 15-27.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 21. ágúst 2001, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar Suðurlandsbraut 18-28 og Ármúla 15-27. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við að ekki væri gerð grein fyrir því í deiliskipulaginu hvernig nýtingarhlutfall samræmdist aðalskipulagi. Stofnunin lagði þó ekki gegn auglýsingu um gildistöku breytingarinnar.

Breytingin öðlast þegar gildi.